

Vorfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna, haldinn í Þýskalandi 21. – 26. mars 2017

Dagskrá ferðarinnar var þéttskipuð með heimsóknum á bókasöfn í Berlín, fræðslu um bókasöfn í Þýskalandi og bókamessunni í Leipzig.

Þriðjudagur 21. mars

Frú Hella Klauser frá þýsku bóksafnasamtökunum flutti okkur erindi sem nefndist „Library structures and present issues in Germany“ og aðalfundur samtakanna var síðan haldinn í kjölfarið.

Miðvikudagur 22. mars

Co-Working space á Rosenthaler Straße 72a, "St. Oberholz am Rosenthaler Platz" var heimsótt kl. 10:00, en á móti okkur tók Florian Schwarz. Hann sýndi okkur bygginguna og hélt erindi sem hann nefndi „Co-working spaces and libraries“.

Kl. 14:00 var Ingeborg-Drewitz-Bibliothek; Stadtbibliothek Steglitz-Zehlendorf; Grunewaldstr. 3 heimsótt og á móti hópnum tók frú Ursula Czerlinski. Ursula hélt einnig erindi um þetta svokallaða Bónussafn í Berlín, „Ten years of a library in a shopping center“.

Fimmtudagur 23. mars

Frú Birgit Schultz á Stadtbibliothek Philipp-Schäffer Brunnenstr. 181 tók á móti hópnum kl. 10:00.

Kl. 13:00 hitti hópurinn frú Tollkühn í andyri Grimm – Zentrum, Geschwister Scholl str. 1-3 (nálægt S-Station Friedrichstr). Frúin leiddi hópinn til forstöðumannsins ,Direktor Herr Degwitz : Grimme - Zentrum ; Humboldt Universität og fræddi hann hópinn um hugmyndafræði byggingarinnar og þarfir mismunandi notendahópa og sömuleiðis samþætting stafrænna miðla og fjölskylduvæns umhverfis.

Kl. 15.30 tók frú Martina Grün á AGB - America Gedenkbibliothek á móti hópnum ásamt upplýsingafræðingi í stjórnendapjálfun. Þær leiddu okkur um safnið og sögðu frá hugmyndinni að byggingunni og þjónustu við gesti.

Föstudagur 24. mars

Hluti hópsins fór heim en aðrir heimsóttu Stadtbibliothek Berlin-Mitte: Schiller Bibliothek / BiKu 3 400; Müllerstr. 149. Kl. 10:00. Á móti hópnum tók frú Birgit Schultz, sú sama og tók á móti hópnum á Stadtbibliothek Philipp-Schäffer.

Laugardagur 25. mars

Hópurinn tók lest til Leipzig og fór á bókamessuna þann daginn.